

Alþingi  
Nefndasvið  
v/Austurvöll  
150 Reykjavík

4. mars 2013

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 (625. mál)

Landsbréf hafa kynnt sér efni ofangreinds frumvarps, um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (625. mál – þskj. 1089) og telja að í því felist jákvæðar breytingar sem mikilvægt er að lögfestar verði sem fyrst.

Eins og fram kemur í frumvarpinu hafa aðstæður í íslensku efnahagslífi verið með þeim hætti að fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða hefur verið sniðinn fullþröngur stakkur. Hafa gjaldeyrishöft og of fáir skráðir fjárfestingarkostir haft í för með sér að lífeyrissjóðir hafa átt erfitt með að fá ásættanlega dreifingu í eignasöfn sín. Það er mikilvægt að rýmka heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga í óskráðum eignum, og má raunar fullyrða að slíkt sé lykilatriði til að flýta fyrir viðsnúningi í íslensku atvinnulífi.

Landsbréf hafa eins og raunar fleiri rekstrarfélög haft forgöngu um að setja á fót sjóði og samlagshlutafélög sem hafa það að meginmarkmiði að fara í framtaksfjárfestingar í íslensku atvinnulífi. Almennt er hægt að fullyrða að rekstrarfélögin haf leitast við að skapa félögum þessum trausta umgjörð, þar sem er lögð er áhersla á vandaða stjórnarhætti, gegnsæi og vönduð vinnubrögð í hvívetna. Þannig hafa Landsbréf til að mynda sett upp nokkra sjóði og félög sem hafa og munu með fjárfestingum í íslensku atvinnulífi leggja grunninn að uppbyggingu hér á landi til framtíðar. Landsbréf fagna því þeim breytingum er lúta að framlengja auknar fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða í samlagshlutafélögum og sama gildir um rýmri heimildir til fjárfestingar í óskráðum eignum, en taka þó fram að félagið teldi að gera ætti þessar breytingar að varanlegum breytingum og auka þannig sveigjanleika í fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða til frambúðar.

Landsbréfum er kunnugt um að Kauphöllin hefur unnið að tillögum að breytingum á 36. gr. laga nr. 129/1997 sem miða að því að auk heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í fjármálagerningum sem skráðir eru á markaðstorgi fjármálagerninga. Landsbréf telja að slíkar breytingar væri mjög jákvæðar. Þær væru fallnar til að styðja við þróun

verðbréfamarkaðar hér á landi og á sama tíma opna nýjar leiðir fyrir atvinnulífið til að fjármagna sig. Um tillögur þessar vísast að öðru leyti til umsagnar Kauphallarinnar um frumvarpið sem Landsbréfum er kunnugt um að hafi þegar verið send til háttvirtrar nefndar.

Virðingarfyllst,



---

Sigþór Jónsson,  
framkvæmdastjóri